

Lofgjörðarstundir Máttugir miðvikudagar



Lofgjörðar- og fyrirbænaundir verða haldnar á miðvikudagskvöldum kl. 20 í vetur. Um er að ræða hugljúfar og blessunarríkar stundir þar sem sungin er lofgjörð og flutt hugvefja og/eða vitnisburðir, en í lok stundanna er boðið upp á fyrirbæna. Einstakur hópur sjálfboðaliða hefur annast þetta dýrmæta starf á undanföllum árum í samvinnu við presta Lindakirkju. Nú hefur okkur borist góður liðsauki í Steinari Kristinssyni, trompetleikara sem mun leiða tónlistarhópinu í vetur. Fyrsta lofgjörðarstund vetrarins verður miðvikudaginn 16. september kl. 20 og eftir það í hverri viku á sama tíma.



12 spora námskeið á vegum Vina í Bata hefur göngu sína í Lindakirkju miðvikudagskvöldið 7. október kl. 19:30. Það verður nánar auglýst síðar.

Bænastundir

Á fimmtudagsmorgnum kl. 9 eru að vanda haldnar bænastundir og eru allir velkomnir að taka þátt. Eins má koma bænarefnum á framfæri á netföng presta Lindakirkju dis@lindakirkja.is, gudmundur.karl@lindakirkja.is eða gudni.mar@lindakirkja.is

Alfanámskeið

Kynningarkvöld fyrir Alfa-námskeið verður 23. september kl. 18.

Kynningarkvöld fyrir Alfa-námskeið verður miðvikudagskvöldið 23. september í Lindakirkju kl. 18:00. Námskeiðið stendur svo í 7 miðvikudagskvöld frá kl. 18:00 – 20:00 (auk helgarferðar í Ölver sumarþúðir 6.-8. nóvember)

Sr. Guðni Már Harðarson heldur utan um námskeiðið þetta árið ásamt góðum hópi fólks. Heiðísí Karlsdóttur, Nínu Dóru Pétursdóttur, Þórdísi Sigurðardóttur, Gunnari Bødvarssyni og sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni.

Á Alfa-námskeiðinu sem hefur verið haldið á ári hverju frá stofnun Lindasóknar verður stuðst við myndbönd til kennslu í bland við lifandi fyrirlestra. Alfa styðst við bók Nicky Gumbel; Spurningar lífsins (e. Questions of Life). Umgjörð námskeiðsins er afslöppuð og þægileg og ekki eru lagðar kröfur á þátttakendur um viðhorf, skoðanir eða afstöðu.



Upplifun hvers og eins af námskeiðinu er ávallt mjög persónuleg. Hver og einn dregur sinn lærdóm. Margir hafa hlotið blessun af því að sækja Alfa-námskeið oftan en einu sinni enda trúarglíman og spurningar lífsins sístætt verkefni.

Við í Lindakirkju bjóðum þig sérstaklega velkomin á kynningarkvöldið þar sem boðið verður uppá ljúffenga máltíð, kynningar fyrirlestur og spurningar. Vitanlega gætum við að fullu að öllum

fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda. Kostnaður við kynningarkvöldið er enginn en fyrir hin kvöldin 7 er greitt 1500 krónur fyrir matinn og svo kostar ferðin í Ölver 9000 krónur með öllu inniföldu.

Ef fólk á í vandræðum með að greiða fyrir námskeiðið biðjum við um að senda okkur í senda línu á gudni@lindakirkja.is svo hægt sé að koma á mótis við það. Enginn á að þurfa hætta við þátttöku í Alfa á fjárhagslegum forsendum.

Vinavoðir hekla kraga handa skírnbörnum



Handavinnuhópurinn Vinavoðir í Lindakirkju, sem hefur heklað og prjónað mörg hundruð bænastönd á undanföllum árum, en þau hafa verið gefin sjúklingum og öðrum sem staddir eru á krossgötum í lífi sínu.

Nú hafa Vinavoðir bætt við nýju verkefni sem eru litlir sætir kragar handa skírnbörnum sem foreldrar skírnbarna hafa þegið að gjöf fyrir hönd barna sinna. Vinavoðir hittast á mánudögum frá kl. 11-13. Þú ert velkomin/n í hópinn.



Jónas í hvalnum

Margbrotin og stórbrotin saga

Miðvikudagskvöldin 20. og 27. október kl. 20:00-21:00 verður boðið upp á Biblíu- lestra í Lindakirkju. Jónasarbók úr gamla testamentinu verður lesin. Þessir lestrar voru á dagskrá fyrir tveimur árum og verða endurteknir nú.

Jónasarbók er stórbrotin, skemmtileg aflestrar og full af hyljúpri vísu og húmor. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknar- prestur Lindakirkju, flytur inngang og leiðir umræður. Allir eru hjartanlega velkomnir.

KFUM og KFUK starf í Lindakirkju

Það er nóg í boði fyrir börn og unglinga í Lindakirkju. Í samstarfi við KFUM og KFUK býður Lindakirkja uppá skemmtilega vikulega fundi þar sem ýmislegt er brallað, t.d. hópefli og leikir, bingó, gestir, pizzafundur og margt fleira.

Aldursskiptingu starfsins má finna hér:

YD KFUK, 9-12 ára

Þriðjudaga kl. 15:30-16:30
Leiðtogar: Andrea Rut Halldórsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir
Ungleiðtogi: Sigríður Sól Ársælsdóttir

YD KFUM, 9-12 ára

Þriðjudagar 17:00-18:00
Forstöðumenn: Gunnar Hrafn Sveinsson og Guðni Már Harðarson
Leiðtogar: Eiríkur Skúli Gústafsson og Róbert Ingi Þorsteinsson
Ungleiðtogi: Jakob Freyr Einarsson

Í hvert skipti er líka helgi- stund sem veitir andlega ró og frið. Þá er farið í Vatnaskóg og gist eina nótt.

Starfið er þátttakendum að kostnaðarlausu nema þegar farið er í Vatnaskóg þá er greitt hóflegt gjald fyrir það.

Foreldramorgnarnar

Foreldramorgnarnar eru á þriðjudögum kl. 10:00 til 12:00 í Lindakirkju. Morgnarnir eru opið hús þar sem vettvangur gefst til að hitta aðra foreldra með ung börn sem ekki eru komin á leikskóla eða dagvistun. Auðvelt og gott aðgengi er með vagna og láta sumir börnin sofa í vagninum hluta stundarinnar. Mægðurnar Regína Ósk Óskarsdóttir og Sigprúður B. Stefánsdóttir halda utan morgnana og kalla stundum til gesti sem fræða um ungbarnanudd, skyndihjálp, svefnræðgjöf,



mataræði og uppeldi. En fyrst og fremst er þetta tækifæri til að koma og spjalla um allt og ekkert. Boðið er uppá kaffi, brauð og létt meðlæti.



UD KAKTUS, 8.-10. bekkur

Þriðjudagskvöld
8. bekkur 19:00-20:15

9.-10. bekkur 20:30-22:00

Forstöðumenn: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
Leiðtogar: Ísak Jón Einarsson og Krístrún Lilja Gísladóttir

Hetjan ÉG

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir drengi í 5.-6. bekk mánudögum kl. 16:30-18:00 samskonar námskeið fyrir stúlkur í Digraneskirkju Hefst 19. október- Auglýst betur síðar



Kríasálmar

Tónlistarnámskeið fyrir 3-12 mánaða kríli og foreldra þeirra verður haldið í haust og verður auglýst nánar síðar.

Fylgist með á heimasíðu Lindakirkju.

Lifandi vatn



Í Lindakirkju er fjölbreytt starf fyrir allan aldur



Hláturslökun

Skemmtilegt og uppbyggilegt fimm vikna námskeið þar sem mikið er hlegið. Þátttakendur fá fræðslu um jákvæð áhrif hláturs á líkamlega og andlega heilsu og vinna markvisst að því að auka hlátur og og gleði í lífi sínu. Rannsóknir sýna að hlátur: Eykur hjartstýni og jákvæðni. Styrkir lungu, hjarta og ónæmis-kerfið. Stuðlar að jafnvægi og betri andlegri líðan. Hlátur losar um streitu og spennu. Þá er hlátur er gott verkfæri til að læra að sjá ný sjónarhorn og tækifæri í lífi sínu. Þórdís Sigurðardóttir markþjálfari og hláturþjálfari leiðir námskeiðið. Námskeiðið hefst fyrstu vikuna í október en nánari tímasetning verður kynnt betur innan tíðar á: www.lindakirkja.is



Hendum í Hammond

Tónleikar í október

Nýlega var ákveðið að festa kaup á forláta Hammond kirkjuorgeli árgerð 1937 ásamt Lesley. Hvort tveggja er gert upp af tónlistarsníllingnum Þóri Baldurssyni. Í október verða haldnir tónleikar til styrktar orgelkaupunum þar sem fjöldi frábærra tónlistarmanna mun stíga á stökk ásamt þeim Óskari Einarssyni, tónlistarstjóra Lindakirkju, Kór Lindakirkju og

Þóri Baldurssyni. Dagsetning tónleikanna var ekki ákveðin þegar blaðið fór í prentun en verður rækilega auglýst þegar nær dregur.

Óskar Einarsson hefur verið tónlistarstjóri Lindakirkju í 10 ár, auk þess að vera tónlistarstjóri Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu. Þau tímamót urðu 1. september að Óskar lét af störfum fyrir Filadelfíu og er því eingöngu í starfi hjá

Lindakirkju. Óhætt er að segja að fáir fari í fót Óskars, sem nýtur vinsælda og virðingar bæði hjá tónlistarfólki og meðal landsmanna. Óskar býr í Mosfellsbæ og er gaman að segja frá því að nýlega var hann valinn bæjarlistarmaður þar fyrir næsta ár. Við í Lindakirkju notum þetta tækifæri til að óska honum til hamingju með þann verðskuldaða heiður.

Barnakór Lindakirkju

Barnakór Lindakirkju var stofnaður haustið 2018 og hefur nú sitt 3.starfsár. Kórinn er ætlaður börnum í 3.-6. bekk. Kórinn hefur tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum innan safnaðarins má þar nefna The Greatest Showman sem sett var upp í Lindakirkju síðasta haust og á adventukvöldum Lindakirkju. Æfingar verða á þriðjudögum, tímasetning verður auglýst nánar síðar en fyrsta æfingin verður 15. september. Stjórnendur eru sömu og frá upphafi, mæðgurnar Áslaug Helga Hálfánardóttir og Hjördís Anna Matthíasdóttir. Þátttökugjald er 5000 kr. á önn en skráning í kórinn fer fram gegn um heimasíðuna lindakirkja.is

undir liðnum tónlistarstarf. Unglingagospelkór Lindakirkju hefur verið starfandi frá haustinu 2013. Kórinn er ætlaður krökkum frá 7. bekk og fram á menntaskólaár. Unglingagospelkórinn hefur tekið að sér fjölmörg skemmtileg og ólík verkefni. Unglingagospelkórinn hefur meðal annars sungið jóln inn í fjölskyldumessu í Lindakirkju á aðfangadag ásamt því að syngja í messum af og til yfir veturinn.

Æfingar eru á miðvikudögum kl. 16:30-17:45 og hefjast 16.september. Stjórnandi er Áslaug Helga Hálfánardóttir. Skráning fer fram á lindakirkja.is undir liðnum tónlistarstarf.



Enn á ný tekur safnaðarstarfið að blómgast um sama leyti og gróandi sumarsins byrjar að gefa eftir. Að þessu sinni þarf safnaðarstarfið þó að lúta þeim reglum sem yfirvöld setja hverju sinni um sóttvarnir og fjöldatakmarkanir vegna kórónuveirunnar. Þegar þetta er ritað virðist vera að birta frekar til í þeim málum en allar upplýsingar sem koma fram hér í blaðinu eru settar fram með þeim fyrirvara að þær kunna að taka breytingum af þessum ástæðum. Sunnudagaskólinn verður á sínum stað kl. 11, eins og allt árið um kring því hann var einnig vel sóttur í sumar. Guðsþjónustur safnaðarins verða að venju kl. 20 á sunnudagskvöldum og hefur sá messutími unnið sér sess

hjá mörgum. Þar syngur hinn rómaði Kór Lindakirkju undir stjórn Óskars Einarssonar og prestar Lindakirkju; Dís Gylfadóttir, Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson þjóna þar til skiptis. Við erum stolt af safnaðarstarfinu okkar. Í þessu blaði er sagt frá þrjónahópi sem ber nafnið Vinavoðir, súpusamverum eldri borgara, foreldramorgnum, Alfa námskeiði, lofgjörðarstundunum Máttugum miðvikudögum, barna- og unglingakórastarfi, 12 spora starfi, æskulýðsstarfi Lindakirkju og KFUM og K og biblíulestrakvöldum, svo eitthvað sé nefnt. Fylgist vel með á heimasíðunni og gerist vinir Lindakirkju á Facebook þar sem safnaðarstarfið er kynnt jafn óðum.

LINDAKIRKJA
Gaman að syngja!

Kórastarf í Lindakirkju 2020-2021



Barnakórinn & Unglingagospelkórinn